



## UMSÖGN

**Viðtakandi:** Skipulags- og samgönguráð

**Sendandi:** Skrifstofa samgöngustjóra og borgarhönnunar

---

### ***Tillaga áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins um átak til að tryggja öryggi gangandi vegfarenda í Úlfarsárdal (US190382).***

Á fundi skipulags- og samgönguráðs þann 20. nóvember sl. var lögð fram svohljóðandi tillagaáheyrnarfulltrúa Flokks fólksins úr borgarráði:

*Flokkur fólksins leggur til að átak verði gert í að tryggja öryggi gangandi og hjólandi vegfarenda á gönguþverunum og gangbrautum í Úlfarsárdal. Víða í Úlfarsárdal eru gangbrautir ekki merktar eins og á að gera (sebrabrautir). Einnig vantar aðrar merkingar svo sem gangbrautarkerki sem nota skal við gagnbraut og vera beggja megin akbrautar. Ef eyja er á akbraut á merkið einnig vera þar. Það vantar einnig víða viðvörðunarkerki sem á að vera áður en komið er að gangbraut. Gangbrautarkerkið ætti ekki að vera lengra en 0,5 m frá gangbraut. Þetta er sérkennilegt því meirihlutinn í borginni hefur svo oft talað um að réttindi gangandi og hjólandi í umferðinni skuli koma fyrst. Allar gangbrautir eiga að vera merktar eins og eins og lög og reglugerðir kveða á um. Segir í þeim að „gangbrautir verði merktar með sebrabrautum og skiltum til að auka umferðaröryggi. Í reglugerð 289/1995 er kveðið á um að gangbraut skuli merkt með umferðarkerki báðum megin akbrautar sem og á miðeyju þar sem hún er. Þá skal merkja gangbraut með yfirborðsmerkingum, hvítum línunum þversum yfir akbraut (sebrabrautir)“.*

Tillögunni var vísað til umsagnar umhverfis- og skipulagssviðs, skrifstofu samgöngustjóra og borgarhönnunar, þann sama dag.

Umsögn:

Unnið er að merkingu og lýsingu gangbrauta í Úlfarsárdal, í samræmi við áður samþykktar framkvæmdir og ákvarðanir skipulags- og samgönguráðs. Að framkvæmdum loknum eiga allar gangbrautir að vera merktar í samræmi við reglugerð.

Til að fyrirbyggja misskilning, skal áréttað að tilvitnuð ákvæði reglugerðar um umferðarkerki og handbókar Vegagerðarinnar, varða merkingu gangbrauta sérstaklega en ekki merkingu allra gönguþverana. Samkvæmt 19. tölul. 1. mgr. 3. gr. umferðarlaga nr. 77/2019, er gönguþverun sá staður, þar sem gert er ráð fyrir að gangandi vegfarendur þveri

akbraut, þ.m.t. gangbraut. Gangbraut eru aftur á móti skilgreind í 15. tölul. sömu greinar sem sérstaklega merktur hluti vegar með umferðarmerki og yfirborðsmerkingum sem er ætlaður gangandi vegfarendum til að komast yfir akbraut.

Ákvarðanir um hvaða gönguþveranir eru merktar sem gangbrautir eru teknar af veghaldara, í samræmi við 1. mgr. 84. gr. umferðarlaga. Tillögur skrifstofunnar þar um, til skipulag- og samgönguráðs, byggjast á þeim sjónarmiðum um öryggi- og skilvirkni umferðar sem fram koma í ritinu *Gönguþveranir - leiðbeiningar*.

Viðvörðunarkerkið *A11.22 Gangbraut* er að jafnaði ekki sett upp við hverja gangbraut, heldur einungis notað þar sem vegsýn er takmörkuð, umferð að jafnaði hröð eða við aðrar aðstæður þar sem sérstök ástæða er til aðvörunar.

Í ljósi ofangreinds er mælt með því að tillögunni verði vísað frá.

Þorsteinn R. Hermannsson  
samgöngustjóri